

# ÁRSSKÝRSLA 2022



## Rekstur GM

Rekstur GM gekk vel á árinu líkt og undanfarin ár. Þó hefur verðbólga og hækkunir á aðföngum á árinu haft þau áhrif að rekstrarkostnaður er hærri og afborganir á langtímalánum hafa aukist. Þessar hækkunir gera það að verkum að niðurstaða ársins er rekstrartap upp á rúmar 13 milljónir. Reksturinn er þó stöðugur og góður og hreint veltufé frá rekstri er rétt tæpar 40 milljónir króna.

## Starf stjórnar

Á aðalfundi í desember 2021 var þáverandi stjórn endurkjörin en hana skipa:

*Kári Tryggvason – Formaður*  
*Ragnheiður Ríkharðsdóttir –*  
*Varaformaður*  
*Auður Ósk Þórisdóttir – Gjaldkeri*  
*Írunn Ketilsdóttir – Ritari*  
*Steinþór Pálsson – Meðstjórnandi*  
*Siggeir Kolbeinsson – Meðstjórnandi*  
*Guðjón Karl Þórisson – Meðstjórnandi*


Haldnir voru 12 formlegir og bókfærðir stjórnarfundir á árinu og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala milli stjórnarfólks.

## Vallarsvæðin

Hlíðavöllur kom vel undan vetri og opnuðum við inn á sumarflatir þann 1. maí. Bakkakot var aðeins seinna til, en þar var opnað inn á sumarflatir 7. maí. Ástand okkar valla í sumar var virkilega gott og er það okkar upplifun að félagsmenn hafi verið sáttir með ástandið. Við fengum líkt og í fyrra mikið af góðum athugasemdum í viðhorfskönnuninni sem við sendum út um miðjan nóvember og tókum við tillit til þeirra athugasemda. Það er stjórn og starfsfólki mikilvægt að okkar félagar séu ánægðir og leggjum við metnað í að hafa velli GM sem besta.



Alls voru leiknir 62.893 hringir í sumar sem er talsverð aukning í leiknum hringjum á vallarsvæðum GM sem er mjög ánægjulegt.



## Félagsstarf

Félagsstarfið gengur vel og er mikil aukning í barna og unglिंगastarfi og fjölgar stöðugt á milli ára líkt og kemur fram í skýrslu íþróttstjóra.

Við erum með öfluga og góða kvennanefnd sem stendur fyrir skemmtilegum viðburðum vikulega yfir sumartímann og þáttaka í því starfi hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár að fullyrða að það hafi gengið vonum framár. Skipuð var nefnd til þess að sinna starfinu og hefur hún unnið frábært starf.



Þjálfarar GM leggja metnað í félagsstarf hjá barna- og unglिंगahópum. Öflugt íþróttastarf ber ávöxt!

Í byrjun sumars fór af stað skipulagt starf fyrir kylfinga í GM 65 ára og eldri. Það er óhætt. Hittast þau alla miðvikudaga og hefur mikill fjöldi mætt og notið skemmtilegra samvista GM félaga. Í sumar var spilað alla miðvikudaga og m.a. farið í heimsóknir á aðra golfvelli. Í haust hefur starfið svo færst inn í Klett og þar er m.a. púttað, spiluð félagsvist, bingó og ýmislegt fleira.



## Félagafjöldi

Félögum í GM fjölgaði þó nokkuð á árinu og taldi í lok sumars 2.038 meðlimi.

Það er okkur mikilvægt að passa upp á að það sé ávallt gott framboð af rástímum og teljum við að það hafi tekist vel í sumar. Við viljum prófa okkur áfram og sjá hvar mörkin í félagafjölda liggja. Vonum við svo sannarlega að það sé upplifun félaga GM að hér sé gott aðgengi að rástímum.

Á myndunum hér að neðan má sjá hvernig félagar í GM skiptast á milli kynja, aldurshópa og forgjafar.

| Virki eftir kyni og forgjafarhópi * |            |             |             |
|-------------------------------------|------------|-------------|-------------|
| Forgjafarhópur                      | Kona       | Karlar      | Samtals     |
| Hópur 1: Lægri en 4,5               | 11         | 53          | 64          |
| Hópur 2: 4,5–11,4                   | 12         | 119         | 131         |
| Hópur 3: 11,5–18,4                  | 33         | 236         | 269         |
| Hópur 4: 18,5–26,4                  | 60         | 347         | 407         |
| Hópur 5: 26,5–36,0                  | 135        | 238         | 373         |
| Hópur 6: 37–54                      | 363        | 431         | 794         |
| <b>Samtals</b>                      | <b>614</b> | <b>1424</b> | <b>2038</b> |

| Virki eftir kyni og aldurshópi * |            |             |             |
|----------------------------------|------------|-------------|-------------|
| Aldurshópur                      | Kona       | Karlar      | Samtals     |
| 0–6 ár                           | 2          | 7           | 9           |
| 7–12 ára                         | 35         | 92          | 127         |
| 13–18 ára                        | 72         | 177         | 249         |
| 19–24 ára                        | 15         | 127         | 142         |
| 25–39 ára                        | 39         | 271         | 310         |
| 40–59 ára                        | 252        | 409         | 661         |
| 60–69 ára                        | 138        | 217         | 355         |
| 70 ára og eldri                  | 61         | 124         | 185         |
| <b>Samtals</b>                   | <b>614</b> | <b>1424</b> | <b>2038</b> |

## Starfsmenn GM

Starfsmenn GM á árinu voru 43 þegar mest lét nú í sumar. 10 starfsmenn eru í heilsársstarfi.

*Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri*  
*Davíð Gunnlaugsson, íþróttastjóri*  
*Bjarni Þór Hannesson, vallaþjóri*  
*Dagur Ebezarson, PGA golfþjálfari,*  
*Grétar Eiríksson, PGA golfþjálfari*  
*Pétur Leó Hrannarsson, vélamaður*  
*Felix Starke, aðstoðar vallaþjóri*  
*Óli Þór Júlíusson, Bakkakoti.*  
*Andri Ágústsson, PGA kennaranemi og golfþjálfari.*  
*Hlín Hlöðversdóttir, skrifstofa.*

Umsvif GM hafa aukist umtalsvert síðastliðin tvö ár, þessari aukningu fylgir einnig umtalsvert meiri vinna fyrir okkar starfsmenn og höfum við því fjölga heilsársstöðugildum sem og sumarstarfsfólki. Við viljum viðhalda góðu þjónustustigi fyrir félagsmenn ásamt því að vera með golfvelli í fremstu röð á Íslandi.

## Veitingasala

Síðastliðin september ákvað stjórn GM að slíta samstarfi við Blikastaðakró sem hafði séð um rekstur veitinga hjá GM í rúmt ár. Við höfum nú samið við GGG veitingar ehf, sem eru þeir Ágúst Reynisson, Grétar Matthíasson og Guðlaugur Frímansson. Hafa þeir félagar mikla og góða reynslu af rekstri veitingastaða. Ágúst og Guðlaugur hafa m.a. átt og rekið Grillmarkaðinn og Fiskmarkaðinn undanfarið 15 ár. Grétar sem verður rekstrarstjóri Blik bistró hefur einnig mikla reynslu og starfaði m.a. sem rekstrarstjóri á Grillmarkaðnum í fjölmörg ár.

Þjóðum við þá velkomna til starfa og hlökkum til komandi samstarfs.

## Skýrsla vallanefndar

Vorið, sumarið að flestu leiti og svo haustið í ár hafa verið mjög góð til að rækta og viðhalda golfvöllum klúbbsins. Frábær maí startaði tímabilinu í kjölfar mjög góðs vinnudagar sem í kringum 100 manns mættu á og létu hendur standa fram úr ermum. Hlíðavöllur kom mjög vel undan vetri og opnuðum við inn á sumarflatir þann 1. maí, Bakkakot kom líka mjög vel undan vetri og var opnað þar inn á sumarflatir 7. maí.

Ástand vallanna okkar í sumar var virkilega gott og er það okkar upplifun að félagsmenn hafi verið sáttir með ástand vallanna. Þegar þetta er skrifað er enn opið inn á sumarflatir á Hlíðarvelli og fátt sem truflar skemmtilegan golfleik.

Tilkoma nýrrar röfsláttuvélar hjálpaði okkur mjög mikið að halda þeim svæðum í eðlilegu ástandi. Klúbburinn er hægt og bitandi að bæta vélakost sinn sem auðveldar starfsmönnum að sinna sínu starfi. Það er að sjálfsgöðu alltaf hægt að gera betur og munum við sem fyrr leggja mikinn metnað í að halda völlum í eins góðu ástandi og kostur er hverju sinni.

Seinni part ágústmanaðar opnuðum við inn á nýja flöt á 4. braut. Jafnframt því var legu brautarinnar breytt og nýjir teigar opnaðir á 8. braut. Þessar breytingar réðumst við í í kjölfar samkomulags við Mosfellsbæ vegna bygginga húsa við hliðina á 4. braut.



Í fyrra var ráðist í stórt verkefni með uppsetningu á hólum á milli 16. og 17. brautar. Lögun hólanna gekk mjög en því miður fengum við ekki nógu gott efni og var ákveðið að býða frosts í jörðu til að láta leggja nýtt lag ofan á svo hægt væri að sá í hólana. Þetta verkefni dróst of lengi en það náðist að koma fræ í þá um miðjan júlí og eru þeir orðnir grænir núna. Næsta vor verður svo gengið frá umhverfi þeirra svo sómi sé að. Við höfum dregið ákveðinn lærdóm af þessu verkefni sem mun nýtast í framtíðinni.

Á haustmánuðum byrjaði vinna á nýjum teigum á Hlíðarvelli, þessir teigar eru settir upp til þess að koma til móts við fleiri kylfinga og munu gerbreyta upplifun margra á því að spila Hlíðavöll. Þessi vinna muna halda áfram inn í veturinn á meðan veður leyfir og stefnum við á að fullklára seinni níu holur vallarins í vetur og næsta vor. Þegar að búið verður að

byggja upp teiga á öllum 18 holum vallarins þá verða teigasettin orðin samtals fimm. Lengd vallarins á þessum nýju teigum verður rétt í kringum 4.000 metrar og parið verður 76. Þeir henta því vel kylfingum með minni sveifluhraða og höggland og eykur fjölbreytni Hlíðavallar mikið og ættu allir kylfingar að fá völl við sitt hæfi. Við stefnum á að þessari vinnu verði að fullu lokið í allra síðasta lagi um mitt sumar 2024. Við gerum þó ráð fyrir því að opna inn á þessa teiga um mitt næsta sumar, einhverjir þeirra munu þó vera bráðabirgða teigar til að byrja með.





## *Æfingaaðstaða á Hlíðavelli*

Æfingasvæðið á Hlíðavelli heldur áfram að stækka og í sumar var sett gervigrasmotta. Þetta er virkilega gott gervigras sem gott er að vippa af. Vonumst við til þess að svæðið þoli með þessu betur það álag sem er á því og haldist gott og falletgt. Einnig byggðum við upp nýja púttflöt sem staðsett er fyrir framan Klett. Þetta er rúmlega 800 fermetra flöt að stærð og verður tekin í notkun í byrjun næsta sumars. Mun hún bæta okkar æfingaaðstöðu enn frekar.



## Bakkakot

Í haust hófst vinna við breytingar á vellinum í Bakkakoti. Breytingar eru hannaðar af Tom Mckenzie og fela það m.a. í sér að núverandi holur nr. eitt og tvö detta út og verða þær spilaðar á því svæði sem Steinarsvöllur hefur verið á undanfarin ár. Fyrsta skrefið í framkvæmdunum var að plægja upp það svæði þar sem nýju brautirnar verða. Það var orðið ansi ójafnt eftir áratuga frostlyfingu. Næsta vor verður jarðvegurinn svo tættur upp og í svæði slétt og gert að fallegum brautum sem verður þá sáð í um mitt næsta sumar. Einnig munum við nota tækifærið ef aðstæður leyfa og keyri efni í tvær til þrjár nýjar flatir.

Bakkakot Golf Course - Draft Layout Plan



Við fáum alltaf mikið af góðum athugasemdum í viðhorfskönnuninni sem send er út í byrjun nóvember ár hvert. Vallarnefnd, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn klúbbsins liggja yfir þessum athugasemdum og reynum við að koma þeim sem flestum í framkvæmd.

Fyrir utan þessi verkefni sem talin eru upp hér fyrir ofan eru mörg önnur minni verk sem hafa verið framkvæmd og hjálpa til við að koma völlum okkar á hærra stig. Öllu því til viðbótar vinna starfsmenn alltaf hörðum höndum við að slá og viðhalda völlum og tækjum.

Sú breyting varð hjá klúbbum að Stuart Mitchinson, sem verið hafði vallaastjóri, hætti störfum. Fyrir hönd vallarnefndar langar mig að þakka honum kærlega fyrir samstarfið þau ár sem hann vann með nefndinni að framþróun og viðhaldi vallasvæðanna okkar. Óskum við honum góðs gengis í framtíðinni.

Jafnframt því langar mig, fyrir hönd vallanefndarinnar, að bjóða Bjarna Þór Hannesson velkominn til starfa hjá klúbbum í stöðu yfirvallastjóra. Nefndarmenn hlakkar mikið til samstarfsins við að byggja upp besta golfvöll á Íslandi.

Vallanefnd þakkar öðrum félagsmönnum og starfsmönnum klúbbsins fyrir ánægjulegt samstarf og hlakkar til að takast á við ný verkefni á nýju ári.

F.h. vallanefndar

Einar Már Hjartarson

## Framtíð Hlíðavallar

Árið 2010 vann Edwin Roald fyrstu tillögu að breytingum á fyrri 9 holum Hlíðavallar sem fólu í sér að fara inn með hestagerðinu norðan megin við 5. braut og í austur. Með þessu móti gætum við lagt niður brautir 2. 3. og 4. í núverandi mynd. Hugmyndin er svo að setja lítinn æfingavöll þar sem núverandi brautir 2. og 3. eru og þeim breytt í nokkrar þar 3 holur brautir/æfingasvæði til afnota fyrir Mosfellinga sem og alla okkar meðlimi. Þegar fyrir lá að byggð myndi rísa á gamla æfingasvæðinu var nauðsynlegt að færa 4. flöt og 8. teiga norðar til að beina höggum frá íbúðarbyggðinni. Einnig var lega 4. brautar öll slegin meira í norð / vestur. Þessar breytingar sem gerðar hafa verið koma samt ekki í veg fyrir að boltar geta lent á íbúðarbyggð sem nú er risin, enda eru því miður dæmi um það.

Þessi tillaga sem unnin var á sínum tíma af Edwin er ekki síst mikilvæg núna til að bregðst við þeirri stöðu sem komin er upp vegna nálægðar byggðarinnar við 4. braut og þeirri hættu sem af getur skapast. GM hefur komið því á framfæri við Mosfellsbæ að nú sé rétta tækifærið að setja þessa vinnu í gang. Við höfum óskað eftir við Mosfellsbæ að fá aukið svæði í austur, inn með hestagerðunum fyrir nýjar brautir og 12 milljónum króna á næsta ári til að vinna þetta áfram með Edwin og í samráði við Mosfellsbæ og aðra aðila sem eiga hagsmuna að gæta á þessu svæði, en því miður fengið synjun á þessu peningaframlagi, en það sé engu að síður mikill vilji hjá bæjarfélaginu að fara í þessar viðræður og finna góða lausn. Á sama kemur fram fjárhagsáætlun bæjarfélagsins til næstu fjögurra ára og það voru okkur mikil vongbrigði að í þeirri áætlun var ekki gert ráð fyrir neinni fjármögnun til golfklúbbsins. Samkvæmt þessari áætlun er Mosfellsbær að setja um 2. milljarða í

uppbyggingu annara íþróttasvæða/skiðasvæða sem er án nokkurs vafa afar nauðsynlegt og fögnum við þessu góða framlagi í viðkomandi svæði.

Nú er lag að setja þessa framkvæmd í gang og leysa vanda Hlíðavallar og koma í veg fyrir þá árekstra sem verða milli golfleiks og íbúðarbyggðar í Súluhöfða. Það eru mikil vonbrigði að Mosfellsbær skuli ekki sjá þarna kjörið tækifæri til að koma jafnframt til móts við íbúa við Súluhöfða, því við vitum af óánægu íbúa þar. Það er þó ekki öll nótt úti enn og við eigum í jákvæðum viðræðum um þetta svæði og þá vinnu sem þarf að fara í er varðar undirbúning og skipulags svæðisins með tilliti til stækkunar golfvallarins sem og annarra útivistarsvæði sem þarna eru. Vonandi getum við flutt ykkur fréttir af þessum málefnum fljótlega.

## Skýrsla kvennanefndar

Allar konur í GM eru hvattar til að taka þátt í kvennastarfinu, bæði nýliðar og þær sem hafa spilað lengur. Þátttakan í kvennagolfinu í sumar var mjög góð og sömuleiðis þátttakan í púttmótunum síðasta vetur. Sú breyting var á púttmótunum að klúbburinn sá um skipulag og utanumhald ásamt því að útvega verðlaun en kvennanefndin sá um mönnun á staðnum. Þetta skipulag gekk mjög vel, þátttakan var góð eins og áður sagði og stemningin sömuleiðis. Keppt var í einstaklings- og liðakeppni.



Dagskrá sumarsins hófst svo 10. maí en á hverjum þriðjudegi frá klukkan 17-18 gátu konur í klúbbum spilað saman, stundum var settur upp leikur og stundum var hefðbundið spil. Í byrjun sumars kom fyrir að bætt var við rástímum vegna mikillar þátttöku. Dæmi um leiki sem skipulagðir voru, var Texas scramble, spottaleikur, róni og fleira. Ýmist var spilað í Bakkakoti eða á Hlíðavelli og eftir hring var sest inn og spjallað og gætt sér á tilboðum frá Blik. Það komu gestir frá Leyni í eitt skipti og haldin voru tvö vinkvennamót með GKG konum þar sem spilað var á Hlíðavelli í annað skipti og á Leirdalsvelli í hitt skiptið.



Eins og venja er var fuglatrjánum komið upp og í lok sumars voru fugladrottning, fuglaprinsessa og fuglabarónessa krýndar og einnig voru útdráttarverðlaun.

Hápunktur sumarsins var svo haustferðin 3. september þar sem spilað var í Brautarholti í þvítíkri blíðu og á eftir var lokahóf haldið á neðri hæðinni á Blik þar sem veitt voru hin ýmsu verðlaun.

Í nefndinni þetta árið voru Bára Einarsdóttir, Björk Jóhannsdóttir, Eygerður Helgadóttir, Kristín Inga Guðmundsdóttir og Linda Hersteinsdóttir. Bára og Björk halda áfram á næsta ári og einnig bætast þær Kolbrún Ýr Árnadóttir og Raket Ýr Guðmundsdóttir í hópinn.

Fyrir hönd kvennanefndar,

Kristín Inga Guðmundsdóttir

## Skýrsla mótanefndar

Það er óhætt að segja að sumarið hafi verið erilsamara en síðustu ár hjá okkur félögum í mótanefnd en oft áður. GM tók að sér fleiri mót á vegum Gólf Sambands Íslands, þrjú talsins og því var utanumhald talsvert meira en í venjulegu ári. Til gamans má geta að við vorum samanlagt 423 klst. við störf tengd mótum. Mótin voru nokkuð hefðbundin og skemmtileg sem endranær, en vert er að minnst sérstaklega á alþjóðlega unglíngamótið sem fram fór á Hlíðavelli í lok júní og heppnaðist einstaklega vel og vonandi verður mótið áfram hjá okkur á komandi árum.

Opin mót og innanfélagsmót voru með svipuðu sniði og áður en þó fækkaði opnum mótum um tvö frá árinu áður á Hlíðavelli. Stærsta opna mótið okkar Palla Open tókst virkilega vel og það mættu rúmlega 200 kylfingar til leiks í blíðskapar veðri á Hlíðavelli og tókst mótið virkilega vel í alla staði. Þetta mót er líkt og áður styrktarmót og söfnuðum við rúmum 2,5 milljónum sem rennur óskipt til sumarbúðanna í Reykjadal.



Einnig héldum við tvö nýliða/byrjendamót í Bakkakoti sem voru vel sótt og virkilega gaman að fylgjast með mörgum kylfingum stíga sín fyrstu skref í mótahaldi á þessum mótum. Það sem var virkilega ánægjulegt að sjá í þessum mótum er það hversu duglegar konur voru að sækja þessi mót.


Gólfarar voru almenn mjög kurteisir, fóru vel eftir tilmælum og umgengust völlinn af stakri þrýði.

Snorri, Helgi, Gísli og Viddi þakka fyrir sumarið og hlakka til þess næsta.

Fyrir hönd mótanefndar.

Gísli Karel Eggertsson.

# SKÝRSLA ÍPRÓTTASTARFS GM 2022







*Kristján Þór Einarsson | Íslandsmeistari í golfi 2022*

Árið 2022 gekk afar vel í íþróttastarfi Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Mikill fjöldi barna og unglunga stundaði skipulagðar æfingar hjá klúbbum og var talsverð fjölgun á milli ára. Ásókn í sumarnámskeið var góð en þar kynnst börn golfi í fyrsta sinn. Mikil fjölgun var á okkar kylfingum í mótum á vegum GSÍ og er það mikil ánægjuefni.

Þjálfarar í íþróttastarfinu voru þeir Davíð Gunnlaugsson (Íþróttastjóri), Dagur Ebezersson, Grétar Eiríksson og Andri Ágústsson.

Í keppnisgolfi er óhætt að fullyrða að árið 2022 sé besta ár í sögu Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Alls unnust 8 Íslandsmeistaratitlar og þar ber helst að nefna Íslandsmeistaratitil Kristjáns Þór Einarssonar í Vestmannaeyjum og Íslandsmeistaratitil kvennasveitar GM í Íslandsmóti golfklúbba.



## Íslandsmeistaratitlar 2022

- Íslandsmeistarar golfklúbba í flokki stúlkna 15-16 ára
- Íslandsmeistari í högggleik í flokki 12 ára og yngri drengja: Hjalti Kristján Hjaltason
- Íslandsmeistari í högggleik í flokki 13-14 ára: Pamela Ósk Hjaltadóttir
- Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 13-14 ára: Pamela Ósk Hjaltadóttir
- Íslandsmeistari í högggleik í flokki 17-18 ára stúlkna: Berglind Erla Baldursdóttir
- Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 17-18 ára stúlkna: Katrín Sól Davíðsdóttir
- Íslandsmeistarar golfklúbba í kvennaflokki
- Íslandsmeistari karla: Kristján Þór Einarsson

## Stigameistaratitlar 2022

- Stigameistari drengja 12 ára og yngri: Hjalti Kristján Hjaltason
- Stigameistari stúlkna 13-14 ára: Pamela Ósk Hjaltadóttir
- Stigameistari stúlkna 17-18 ára: Sara Kristinsdóttir
- Stigameistari karla: Kristján Þór Einarsson



*Kvinnasveit GM | Íslandsmeistarar golfklúbba 2022*

## Meistaramót barna og unglunga



*Meistaramót 12 ára og yngri fór fram í Bakkakoti*

Meistaramót barna og unglunga fór fram dagana 3. – 5. júlí. Börn 12 ára og yngri léku í Bakkakoti en 13-16 ára léku á Hlíðavelli. Góð þátttaka var í mótinu og voru verðlaunahafar eftirfarandi:

### **Drengir 10 ára og yngri**

1. Ásgeir Páll Baldursson
2. Daníel Tristan Sigurlínarson
3. Guðlaugur Benjamín Kristinsson

### **Stúlkur 10 ára og yngri**

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir
2. Elva Rún Rafnsdóttir
3. Brynhildur Ylfa Þóroddsdóttir

### **Drengir 12 ára og yngri**

1. Jóhannes Þór Gíslason
2. Brynjar Ernir Gunnarsson
3. Tómas Ingi Bjarnason

### Stúlkur 12 ára og yngri

1. Sara María Guðmundsdóttir

### Drengir 13-14 ára

1. Hjalti Kristján Hjaltason
2. Krisjtján Karl Guðjónsson
3. Grétar Logi Gunnarsson Bender

### Stúlkur 13-14 ára

1. Elísa Rún Róbertsdóttir
2. Andrea Líf Líndal
3. Sara María Guðmundsdóttir

### Drengir 15-16 ára

1. Áspór Sigur Ragnarsson
2. Aron Frosti Davíðsson
3. Haukur Helgi Þorvaldsson

### Stúlkur 15-16 ára

1. Auður Bergrún Snorradóttir
2. Gabríella Neema Stefánsdóttir
3. Birna Rut Snorradóttir



## Meistaramót GM

Eitt allra fjölmennasta Meistaramót í sögu GM fór fram í byrjun júlí. Klúbbmeistarar GM urðu þau Kristófer Karl Karlsson og Nína Björk Geirsdóttir. Kristófer Karl var að sigra mótið í annað sinn en Nína Björk sigraði mótið í 18. sinn. Kristófer Karl Karlsson setti glæsilegt vallarmet í mótinu þegar hann lék Hlíðavöll á 62 höggum.



*Kristófer Karl Karlsson & Nína Björk Geirsdóttir | Klúbbmeistarar GM 2022*

# Úrslit í Meistaramóti GM urðu eftirfarandi:

## Meistaraflokkur karla

1. Kristófer Karl Karlsson
2. Ingi Þór Ólafson
3. Kristján Þór Einarsson

## Meistaraflokkur kvenna

1. Nína Björk Geirsdóttir
2. Heiða Guðnadóttir
3. Arna Rún Kristjánsdóttir

## 1. flokkur karla

1. Guðjón Ármann Guðjónsson
2. Óskar Sæmann Axelsson
3. Guðleifur Kristinn Stefánsson

## 1. flokkur kvenna

1. Írunn Ketilsdóttir
2. Edda Herbertsdóttir
3. Sara Jónsdóttir
3. Arna Kristín Hilmarsdóttir



*Verðlaunahafar í Meistaramóti GM 2022*

## 2. flokkur karla

1. Ingvar Ormarsson
2. Björgólfur Hideki Takefusa
2. Sævar Ómarsson

## 2. flokkur kvenna

1. Steinunn Þorkelsdóttir
2. Harpa Iðunn Sigmundsdóttir
3. Dagný Þórólfsdóttir

## 3. flokkur karla

1. Kristinn V. Sveinbjörnsson
2. Elvar Snær Ólafsson
3. Freyr Hólm Ketilsson

## 3. flokkur kvenna

1. Elín Gróa Karlsdóttir
2. Hrefna Hlín Karlsdóttir
3. Hafdís Hrönn Björnsdóttir

## 4. flokkur karla

1. Hafliði Jökull Jóhannesson
2. Björgvin Reynisson
3. Þórmundur Helgason

## 4. flokkur kvenna

1. Bára Einarsdóttir
2. Raketl Ýr Guðmundsdóttir
3. Kolbrún Klara Gísladóttir

## 5. flokkur karla

1. Aron Sölvi Ingason
2. Kristján Guðni Halldórsson
3. Páll Örn Línal

## 5. flokkur kvenna

1. Helga Steinunn Hauksdóttir
2. Eygló Kristjánsdóttir
3. Elín Sigríður Einarsdóttir

### 50+ karlar

1. Halldór Friðgeir Ólafsson
2. Axel Þór Rudolfsson
3. Páll Ólafsson

### 50+ konur


1. Guðný Helgadóttir
2. Karólína Margrét Jónsdóttir
2. Rebecca Oqueton Yongco

### 70+ karlar

1. Kristinn L. Aðalbjörnsson
2. Bragi Jónsson
3. Svanberg Guðmundsson

### 65+ konur

1. Þuríður E. Pétursdóttir
2. Unnur Pétursdóttir
3. Hrefna Birgitta Bjarnadóttir



*Glæsilegt vallarmet hjá Kristófer Karl, 62 högg*



## Áskorendamótaröð GSÍ

Áskorendamótaröðin er mótaröð fyrir þau börn og unglunga sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppnisgolfi. Í ár var áframhaldandi fjölgun í keppendum frá GM en mikið er lagt upp úr því að fylgja okkar yngstu kylfingum vel eftir þegar þau stíga sín fyrstu skref í keppnisgolfi. Þjálfarar skipuleggja æfingahringi og fylgja iðkendum eftir á keppnisdögum.

Í sumar voru haldin 4 mót og þar af var eitt mót haldið á heimavelli, í Bakkakoti.

Okkar kylfingar stóðu sig með stakri þrýði í mótunum og voru sjálfum sér og klúbbum sínum til mikils sóma.

Framtíðin er björt hjá yngstu kylfingum GM!





## Unglingamótaröð GSÍ

Frábær þátttaka var hjá okkar kylfingum á Unglingamótaröð GSÍ í ár. Alls fóru fram 5 mót og stóðu okkar kylfingar sig afar vel. Í heild unnust sigrar á 9 mótum og fjölmargir kylfingar frá GM náðu verðlaunasætum. Stigameistarar urðu þau Hjalti Kristján Hjaltason í flokki 12 ára og yngri, Pamela Ósk Hjaltadóttir í flokki 13-14 ára og Sara Kristinsdóttir í flokki 17-18 ára.



### Unglingamótaröðin (1) | Sandgerði

#### 14 ára og yngri kvk

1. Pamela Ósk Hjaltadóttir

#### 14 ára og yngri kk

2. Hjalti Kristján Hjaltason

#### 15-16 ára kvk

2. Auður Bergrún Snorradóttir

#### 17-18 ára kvk

1. Sara Kristinsdóttir
2. María Eir Guðjónsdóttir
3. Katrín Sól Davíðsdóttir

#### 19-21 árs kk

3. Arnór Daði Rafnsson



## Unglingamótaröðin (2) | GKG

14 ára og yngri kvk

2. Pamela Ósk Hjaltadóttir

15-16 ára kvk

2. Heiða Rakel Rafnsdóttir

17-18 ára kvk

1. Sara Kristinsdóttir

2. Berglind Erla Baldursdóttir

3. Katrín Sól Davíðsdóttir

## Unglingamótaröðin (3) | GR

14 ára og yngri kvk

1. Pamela Ósk Hjaltadóttir

15-16 ára kvk

2. Eva Kristinsdóttir

17-18 ára kvk

2. Sara Kristinsdóttir

## Unglingamótaröðin (4) | Íslandsmót í högggleik

12 ára og yngri kvk

1. Hjalti Kristján Hjaltason

13-14 ára kvk

1. Pamela Ósk Hjaltadóttir

17-18 ára kvk

1. Berglind Erla Baldursdóttir

2. Sara Kristinsdóttir



## Unglingamótaröðin (5) | Íslandsmót í holukeppni

12 ára og yngri kvk

2. Eiríka Malaika Stefánsdóttir

13-14 ára kvk

1. Pamela Ósk Hjaltadóttir

15-16 ára kvk

2. Auður Bergrún Snorradóttir

17-18 ára kvk

1. Katrín Sól Davíðsdóttir

2. Berglind Erla Baldursdóttir

3. Sara Kristinsdóttir



## Mótaröð GSÍ

Frábær þátttaka var hjá GM kylfingum í sumar og í mörgum mótum áttum við flesta keppendur. Í kvennaflokki áttum við flesta keppendur á stigalista á GSÍ og er það mjög ánægjulegt. Okkar kylfingar náðu góðum árangri í mótum ársins en þar ber helst að nefna sigur Kristjáns Þórs Einarssonar á Íslandsmóttinu í golfi í Vestmannaeyjum ásamt sigur hans á lokamóti ársins, Korpumóttinu. Kristján varð stigameistari GSÍ árið 2022.



*Kristján Þór á Íslandsmóttinu í golfi*

Margir okkar kylfinga stigu sín fyrstu skref á mótaröð fullorðinna á þessu ári og mæta reynslunni ríkaðri að ári. Yngsti keppandi GM á árinu var Pamela Ósk Hjaltadóttir. Pamela náði stórkostlegum árangri á Íslandsmóttinu í holukeppni þar sem hún lék til úrslita gegn Sögu Traustadóttur. Pamela barðist vel en Saga sigraði að lokum á 17. braut.

### Árangur GM kylfinga í GSÍ mótum ársins (T10):

#### B59 Hotel mótið | Mótaröð GSÍ (1)

3. Ingi Þór Ólafson
- T7. Kristófer Karl Karlsson
- T7. Kristján Þór Einarsson
9. Björn Óskar Guðjónsson
  
2. Kristín Sól Guðmundsdóttir
4. María Eir Guðjónsdóttir
5. Berglind Erla Baldursdóttir
8. Sara Kristinsdóttir

## Leirumótið | Mótaröð GSÍ (2)

- 9. Nick Carlson
- 4. Arna Rún Kristjánsdóttir
- 8. Pamela Ósk Hjaltadóttir
- 10. Heiða Guðnadóttir



## Íslandsmót í holukeppni | Mótaröð GSÍ (3)

- 3. Kristján Þór Einarsson
- 2. Pamela Ósk Hjaltadóttir
- T5. María Eir Guðjónsdóttir
- T5. Berglind Erla Baldursdóttir



## Hvaleyrarbikarinn | Mótaröð GSÍ (4)

- 6. Kristín Sól Guðmundsdóttir
- 9. Arna Rún Kristjánsdóttir

## Íslandsmótið í golfi | Mótaröð GSÍ (5)

- 1. Kristján Þór Einarsson
- 4. Kristófer Karl Karlsson
- T10. Sara Kristinsdóttir
- T10. Heiða Guðnadóttir

## Korpubikarinn | Mótaröð GSÍ (6)

- 1. Kristján Þór Einarsson
- 4. Sara Kristinsdóttir
- 7. Berglind Erla Baldursdóttir



# Íslandsmót golfklúbba

## Meistaraflokkar

Íslandsmót golfklúbba fór fram dagana 21. – 23. júlí en leikið var á Hlíðavelli í Mosfellsbæ og á Korpu. GM átti lið í efstu deild í bæði karla og kvennaflokki en liðin skipuðu eftirfarandi kylfingar:

## Karlar

Andri Már Guðmundsson

Arnór Daði Rafnsson

Aron Ingi Hákonarson

Björn Óskar Guðjónsson

Ingi Þór Ólafson

Kristófer Karl Karlsson

Kristján Þór Einarsson

Sverrir Haraldsson

Liðsstjóri: Eyjólfur Kolbeins



*Karlasveit GM 2022 | 3. sæti í Íslandsmóti golfklúbba*



## Konur

Arna Rún Kristjánsdóttir  
Berglind Erla Baldursdóttir  
Katrín Sól Davíðsdóttir  
Kristín Sól Guðmundsdóttir  
María Eir Guðjónsdóttir  
Nína Björk Geirsdóttir  
Pamela Ósk Hjaltadóttir  
Sara Kristinsdóttir

Liðsstjóri: G. Kristinn Stefánsson



*Kvinnasveit GM 2022 | Íslandsmeistarar golfklúbba*

Bæði lið stóðu sig afskaplega vel og léku til undanúrslita. Karlasveit GM lék afar spennuþrunginn leik við GR í undanrúslitum. Í stöðunni 2-2 fór lokaleikurinn í bráðabana sem tapaðist á 19. holu. Í leiknum um þriðja sætið sigraði GM lið GA.



*Kristófer Karl Karlsson í Íslandsmóti golfklúbba*

Kvennasveit GM lék í undanúrslitum gegn liði Keilis sem lauk með nokkuð öruggum sigri okkar stúlkna. Í úrslitum mætti okkar lið afar sterku liði GR. Leikurinn var mjög jafn og spennandi en sigur Katrínar Sólar á Berglindi Björnsdóttur tryggði GM að lokum Íslandsmeistaratitil golfklúbba. Mjög sætur sigur hjá okkar stúlkum sem áttu hann svo sannarlega skilið.



## Unglingaflokkar

Íslandsmót golfklúbba í unglíngaflokkum er eitt skemmtilegasta mót ársins. Við sendum margar sveitir til leiks í ár eins og undanfarin ár og stóðu allar okkar sveitir sig afar vel. Mikil samheldni myndast í þessu móti og er afar gaman að fyljast með okkar liðum.



*Piltasveit 17-18 ára | 2. sæti*



*Stúlknasveit GM 17-18 ára | 2. sæti*



*Stúlknasveit GM 15-16 ára | Íslandsmeistarar*



*B-sveit 15-16 ára*



*14 ára og yngri*

*12 ára og yngri*

Íslandsmót golfklúbba í flokki 12 ára og yngri fór fram snemma í september. Alls tóku 3 lið þátt í mótinu frá GM og stóðu þau sig afar vel. Markmið mótsins er að skapa liðsheild og stemmingu á meðal þátttakenda. Mjög gaman var að fylgjast með liðsheildinni og samheldninni hjá okkar ungu iðkendum.



*Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri | 2. sæti*



# Öldungaflokkar

## Karlar 50 ára og eldri



*Karlasveit GM 50 ára og eldri | 3. sæti á Íslandsmóti golfklúbba í 2. deild*

Lið GM skipuðu:

Axel Þór Rudolfsson  
Ásbjörn Björgvinsson  
Eypór Ágúst Kristjánsson  
Halldór Friðgeir Ólafsson  
Hjalti Pálmason  
Ingvar Haraldur Ágústsson  
Jónas Heiðar Baldursson  
Kári Tryggvason  
Victor Viktorsson

Liðsstjóri: Haraldur Haraldsson

Karlasveit GM 50 ára og eldri lék í 2. deild sem fram fór í Sandgerði. Strákarnir stóðu sig vel og voru í harðri baráttu um að komast upp í efstu deild. Að lokum lék GM gegn GO í leik um 3. sætið sem GM sigraði með 3.5 vinningum gegn 1.5. Flott frammistaða hjá okkar mönnum sem ætla sér upp í efstu deild að ári.

## Konur 50 ára og eldri



*Kvennasveit GM 50 ára og eldri*

Lið GM skipuðu:

Agnés Ingadóttir  
Arna Kristín Hilmarsdóttir  
Dagný Þórólfsdóttir  
Edda Herbertsdóttir  
Guðný Helgadóttir  
Írunn Ketilsdóttir  
Karólína Margrét Jónsdóttir  
Rannveig Rúnarsdóttir  
Sigríður María Torfadóttir

Liðsstjóri: Rut Marsibil Héðinsdóttir

Íslandsmót golfklúbba í flokki 50 ára fór fram í lok ágúst. Kvinnalið GM lék í efstu deild sem fram fór hjá Golfklúbbi Suðurnesja. Okkar konur stóðu sig vel og luku leik í 6. sæti og héldu sæti sínu í efstu deild. GM lenti í sterkum riðli með sveitum GKG, GK og GV. Að lokinn riðlakeppni lék GM við NK þar sem okkar konur lönduðu sigri 3-2. Í lokaleiknum mættu okkar konur sterku liði GO sem endaði með 4-1 sigri GO.

Heilt yfir flott frammistaða hjá okkar konum sem ætla sér enn meira að ári liðnu.



Sveitakeppni 65 ára og eldri



*Karlasveit GM 65 ára og eldri*



*Kvinnasveit GM 65 ára og eldri*

## Global Junior | Icelandic Junior Midnight Challenge

Alþjóðlegt unglíngamót fór fram á Hlíðavelli í lok júní. Mótið er hluti af Global Junior Golf sem hefur farið fram víðsvegar um Evrópu á undanförunum árum. Mótið tókst afar vel og var mikil ánægja meðal erlendu keppendanna.

Við hjá GM áttum sigurvegara í þremur flokkum í mótinu.



*Ingvi Þór Ólafson sigraði í flokki 21 árs og yngri*



*Eva Kristinsdóttir sigraði í flokki 14 ára og yngri*



*Hjalti Kristján Hjaltason sigraði í flokki 14 ára og yngri*



## Evrópumót golfklúbba



*Lið GM á Evrópumóti golfklúbba í Slóveníu*

Kvennalið GM lék á Evrópumóti golfklúbba sem fór fram á Cubo golfvelli í Slóveníu dagana 29. september - 1. október. GM fékk þátttökurétt á mótinu eftir sigur á Íslandsmóti golfklúbba í sumar. Mótið var leikið í 3 manna liðum þar sem 2 bestu skorin töldu á hverjum hring. Lið GM skipuðu Arna Rún Kristjánsdóttir, María Eir Guðjónsdóttir og Sara Kristinsdóttir.

Mikil rigning var í Slóveníu dagana fyrir mót og á fyrstu tveimur keppisdögum. Vegna veðurs náðist aðeins að leika 36 holur í stað 54. Okkar stúlkur stóðu sig mjög vel og höfnuðu að lokum jafnar í 8. sæti en 18 golfklúbbar léku í mótinu. Skorið hjá okkar stúlkum var eftirfarandi:

Arna Rún Kristjánsdóttir 84 – 72

María Eir Guðjónsdóttir 75 – 75

Sara Kristinsdóttir 76- 77

Davíð Gunnlaugsson íþróttastjóri, Dagur Ebenezersson golfkennari og Guðleifur Kristinn Stefánsson liðsstjóri voru með liðinu í Slóveníu.

## Landsliðsmál

Á árinu 2022 áttum við í GM alls 8 kylfinga í landsliðshópi GSÍ, 6 konur og 2 karla. Á haustmánuðum var nú valið landslið GSÍ valið fyrir árið 2023 og eigum við nú 10 kylfinga samtals. Alls eru 43 kylfingar í landsliðshópi GSÍ.

Eftirfarandi kylfingar frá GM eru í landsliði GSÍ fyrir árið 2023.

### Karlalandslið

Kristján Þór Einarsson  
Kristófer Karl Karlsson  
Sverrir Haraldsson

### Kvennalandslið

Auður Bergrún Snorradóttir  
Berglind Eira Baldursdóttir  
Eva Kristinsdóttir  
Katrín Sól Davíðsdóttir  
María Eir Guðjónsdóttir  
Pamela Ósk Hjaltadóttir  
Sara Kristinsdóttir



## Evópumót stúlkna 2022

Evópumót stúlkna fór fram á Urriðavelli þetta árið. Við hjá GM áttum 5 stúlkur í liðinu.

Lið Íslands skipuðu:

Berglind Erla Baldursdóttir GM

Karen Lind Stefánsdóttir GKG

Katrín Sól Davíðsdóttir GM

María Eir Guðjónsdóttir GM

Pamela Ósk Hjaltadóttir GM

Sara Kristinsdóttir GM

Liðsstjóri: Ragnhildur Kristinsdóttir




*Stúlknalandslið Íslands 2022 skipað 5 stúlkum úr GM*



## Viðhorfskönnun GM félaga

Hversu oft spilar þú golf að jafnaði á neðangreindum vallarsvæðum GM?


Answered: 228 Skipped: 0



|            | DAGLEGA    | VIKULEGA     | 2-4 SINNUM Í VIKU | 2-3 SINNUM Í MÁNUÐI | ALDREI       | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|------------|------------|--------------|-------------------|---------------------|--------------|----------------------------|-------|------------------|
| Hlíðavelli | 2.73%<br>6 | 17.73%<br>39 | 47.27%<br>104     | 25.91%<br>57        | 5.45%<br>12  | 0.91%<br>2                 | 220   | 3.16             |
| Bakkakotí  | 0.96%<br>2 | 15.31%<br>32 | 20.10%<br>42      | 45.45%<br>95        | 11.00%<br>23 | 7.18%<br>15                | 209   | 3.72             |

Hversu mikilvægt finnst þér að æfingaboltar séu innifaldir í árgjaldinu?

Answered: 224 Skipped: 4




| ANSWER CHOICES                   | RESPONSES         |
|----------------------------------|-------------------|
| alls ekki mikilvægt              | 8.48% 19          |
| hvorki né                        | 10.27% 23         |
| mikilvægt                        | 77.68% 174        |
| Hef ekki skoðun / vil ekki svara | Responses 3.57% 8 |
| <b>TOTAL</b>                     | <b>224</b>        |



Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum á HLIÐAVELLI einkunn, þar sem 1 er lágsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.


Answered: 224 Skipped: 4



|   | 1            | 2            | 3            | 4             | 5            | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|--------------|--------------|--------------|---------------|--------------|----------------------------|-------|------------------|
| ▼ Gæði teiga                                | 2.23%<br>5   | 7.59%<br>17  | 20.09%<br>45 | 47.77%<br>107 | 15.63%<br>35 | 6.70%<br>15                | 224   | 3.72             |
| ▼ Gæði brauta                               | 0.90%<br>2   | 3.59%<br>8   | 15.25%<br>34 | 56.50%<br>126 | 17.49%<br>39 | 6.28%<br>14                | 223   | 3.92             |
| ▼ Gæði flata                                | 2.69%<br>6   | 0.90%<br>2   | 9.87%<br>22  | 52.02%<br>116 | 28.25%<br>63 | 6.28%<br>14                | 223   | 4.09             |
| ▼ Leikhraði                                 | 3.17%<br>7   | 5.43%<br>12  | 23.53%<br>52 | 48.42%<br>107 | 11.76%<br>26 | 7.69%<br>17                | 221   | 3.65             |
| ▼ Frágangur / stígar / merkingar / umhverfi | 5.83%<br>13  | 8.97%<br>20  | 27.80%<br>62 | 35.43%<br>79  | 15.70%<br>35 | 6.28%<br>14                | 223   | 3.49             |
| ▼ Vallareftirlit                            | 13.90%<br>31 | 15.25%<br>34 | 27.35%<br>61 | 23.32%<br>52  | 6.73%<br>15  | 13.45%<br>30               | 223   | 2.93             |

Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum um ÆFINGASVÆÐI Hlíðavallar einkunn, þar sem 1 er lágsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.


Answered: 224 Skipped: 4



|  | 1          | 2           | 3            | 4            | 5            | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|--|------------|-------------|--------------|--------------|--------------|----------------------------|-------|------------------|
| ▼ Efri þúttflöt (við 1. teig)            | 0.89%<br>2 | 2.68%<br>6  | 22.32%<br>50 | 41.96%<br>94 | 17.41%<br>39 | 14.73%<br>33               | 224   | 3.85             |
| ▼ Neðri þútt / vipplöt (við æfingasvæði) | 0.45%<br>1 | 4.05%<br>9  | 15.32%<br>34 | 38.74%<br>86 | 17.57%<br>39 | 23.87%<br>53               | 222   | 3.91             |
| ▼ Æfingasvæðið (Sláttur)                 | 1.81%<br>4 | 6.79%<br>15 | 17.19%<br>38 | 37.56%<br>83 | 21.27%<br>47 | 15.38%<br>34               | 221   | 3.82             |
| ▼ Pitch flöt (við vélaskemmu)            | 3.20%<br>7 | 7.76%<br>17 | 12.33%<br>27 | 13.24%<br>29 | 5.48%<br>12  | 57.99%<br>127              | 219   | 3.24             |

Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum í BAKKAKOTI einkunn, þar sem 1 er lágsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.


Answered: 225 Skipped: 3



|   | 1            | 2            | 3            | 4            | 5           | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|--------------|--------------|--------------|--------------|-------------|----------------------------|-------|------------------|
| ▼ Gæði teiga                                | 4.89%<br>11  | 24.44%<br>55 | 34.67%<br>78 | 16.89%<br>38 | 4.00%<br>9  | 15.11%<br>34               | 225   | 2.89             |
| ▼ Gæði brauta                               | 0.90%<br>2   | 10.36%<br>23 | 36.94%<br>82 | 33.33%<br>74 | 3.15%<br>7  | 15.32%<br>34               | 222   | 3.32             |
| ▼ Gæði flata                                | 4.05%<br>9   | 16.67%<br>37 | 37.84%<br>84 | 22.97%<br>51 | 4.05%<br>9  | 14.41%<br>32               | 222   | 3.07             |
| ▼ Leikhraði                                 | 11.66%<br>26 | 21.52%<br>48 | 24.66%<br>55 | 18.83%<br>42 | 7.62%<br>17 | 15.70%<br>35               | 223   | 2.87             |
| ▼ Frágangur / stígar / merkingar / umhverfi | 0.89%<br>2   | 12.05%<br>27 | 34.38%<br>77 | 29.91%<br>67 | 7.59%<br>17 | 15.18%<br>34               | 224   | 3.37             |
| ▼ Æfingaflatir við skála                    | 2.26%<br>5   | 12.22%<br>27 | 28.05%<br>62 | 19.46%<br>43 | 4.98%<br>11 | 33.03%<br>73               | 221   | 3.19             |
| ▼ Vallareftirlit                            | 14.80%<br>33 | 17.49%<br>39 | 18.83%<br>42 | 12.11%<br>27 | 5.38%<br>12 | 31.39%<br>70               | 223   | 2.65             |

Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í ÞJÓNUSTU STARFSMANNA GM í afgreiðslu í KLETTI, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.


Answered: 228 Skipped: 0



|                                | 1          | 2           | 3            | 4            | 5             | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|--------------------------------|------------|-------------|--------------|--------------|---------------|----------------------------|-------|------------------|
| ▼ Viðmót starfsmanna í verzlun | 2.20%<br>5 | 2.64%<br>6  | 7.49%<br>17  | 35.24%<br>80 | 43.17%<br>98  | 9.25%<br>21                | 227   | 4.26             |
| ▼ Þjónusta í verzlun           | 1.77%<br>4 | 2.65%<br>6  | 9.73%<br>22  | 38.94%<br>88 | 35.40%<br>80  | 11.50%<br>26               | 226   | 4.17             |
| ▼ Afgreiðsluhraði              | 2.21%<br>5 | 2.65%<br>6  | 16.37%<br>37 | 40.27%<br>91 | 26.99%<br>61  | 11.50%<br>26               | 226   | 3.98             |
| ▼ Símsvörðun í verzlun         | 2.68%<br>6 | 2.68%<br>6  | 14.29%<br>32 | 20.98%<br>47 | 16.96%<br>38  | 42.41%<br>95               | 224   | 3.81             |
| ▼ Vöruúrval í verzlun          | 1.33%<br>3 | 7.56%<br>17 | 28.89%<br>65 | 32.44%<br>73 | 9.33%<br>21   | 20.44%<br>46               | 225   | 3.51             |
| ▼ Snyrtimennska í verzlun      | 0.45%<br>1 | 1.34%<br>3  | 4.46%<br>10  | 35.71%<br>80 | 48.21%<br>108 | 9.82%<br>22                | 224   | 4.44             |

Vinsamlegast gefðu eftirfarandi atriðum varðandi mótahald GM einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.


Answered: 226 Skipped: 2



|  | 1           | 2            | 3            | 4            | 5            | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|--|-------------|--------------|--------------|--------------|--------------|----------------------------|-------|------------------|
| ▼ Fjöldi opinna móta (yfirleitt helgar)            | 4.91%<br>11 | 9.82%<br>22  | 23.21%<br>52 | 16.96%<br>38 | 4.02%<br>9   | 41.07%<br>92               | 224   | 3.09             |
| ▼ Fjöldi fyrirtækjamóta (yfirleitt á virkum dögum) | 8.44%<br>19 | 13.78%<br>31 | 22.67%<br>51 | 10.67%<br>24 | 2.67%<br>6   | 41.78%<br>94               | 225   | 2.75             |
| ▼ Undirbúningur og framkvæmd móta hjá GM           | 2.23%<br>5  | 1.79%<br>4   | 11.61%<br>26 | 26.79%<br>60 | 14.73%<br>33 | 42.86%<br>96               | 224   | 3.88             |
| ▼ Almennt viðmót starfsmanna GM á mótum            | 1.33%<br>3  | 1.78%<br>4   | 7.11%<br>16  | 20.44%<br>46 | 28.00%<br>63 | 41.33%<br>93               | 225   | 4.23             |

## Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með inniaðstöðu GM á Hlíðavelli?

Answered: 226 Skipped: 2



|                | MJÖG ÓÁNÆGD(UR) | FREKAR ÓÁNÆGD(UR) | HVORKI NÉ   | FREKAR ÁNÆGD(UR) | MJÖG ÁNÆGD(UR) | HEF EKKI SKOÐUN / VIL EKKI SVARA / HEF EKKI NOTAD | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|----------------|-----------------|-------------------|-------------|------------------|----------------|---|-------|------------------|
| Almennt var ég | 1.33%<br>3      | 3.10%<br>7        | 8.85%<br>20 | 38.05%<br>86     | 23.89%<br>54   | 24.78%<br>56                                      | 226   | 4.06             |

## Lokaorð

Nú er skemmtilegu ári að ljúka hjá okkur í GM. Við höfum haldið áfram með þá miklu uppbyggingu sem við fórum af stað með í byrjun árs 2020 og vonum svo sannarlega að þið séuð ánægð með þá vinnu.

Hlíðavöllur skartaði sínu fegursta í sumar og var virkilega ánægjulegt að heyra fjölmarga félagsmenn tala vel um gott ástand og hvað það væri ánægjulegt að sjá áframhaldandi framfarirnar á gæðum vallarins. Það var einnig mikil jákvæðni með Bakkakot og er það okkar markmið að báðum völlum sé gert jafn hátt undir höfði. Við munum halda áfram að leggja mikinn metnað í alla umgjörð í kringum vellina sem og annað starf. Það er markmið GM að vera ávallt í fremstu röð golfklúbba á Íslandi.

Þó svo að tap sé á þessu rekstrarári hefur hagnaður undanfarin ár gert það að verkum að við getum fjárfest í innviðum án þess að bæta mikið við skuldir klúbbsins. Staða GM er sterk og rekstrargrundvöllur er virkilega góður. Við horfum björtum augum fram veginn og erum full tilhlökkunar, því framtíð GM er sannarlega björt.

Stjórn GM vill sérstaklega þakka öllum þeim sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag sem er gríðalega mikilvægt. Einnig viljum við þakka þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrkja okkar góða starf, kærlega fyrir samstarfið.

Ég vil svo þakka stjórn fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Að lokum viljum við svo þakka okkar starfsfólki fyrir einstaklega gott samstarf á á árinu.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Mosfellsbæjar.

Kári Tryggvason, formaður.



Golfklúbbur Mosfellsbæjar  
Æðarhöfða 36 - 270 Mosfellsbær  
566 6999  
golfmos@golfmos.is  
golfmos.is